

Ed.

372. Breytingartillögur

[78. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaптúnum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist sem hér segir:

Aftan við 1. málslið 2. mgr. 1. gr. laganna komi:

Ráðuneytinu er og heimilt að fengnum tillögum hlutaðeigandi vörubifreiðastjórafélags, sem hefur tvö eða fleiri sveitarfélög að félagssvæði, að takmarka fjölda leigubifreiða til vöruflytninga innan félagssvæðisins, enda komi til meðmæli þeirra sýslunefnda og bæjarstjórna, sem félagssvæðið fellur undir. Eigi er heimilt að takmarka sérstaklega fjölda leigubifreiða til vöruflytninga í kaupstöðum og kaптúnum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðastjórar á þessum stöðum eru félagar í vörubifreiðastjórafélagi, sem hefur tvö sveitarfélög eða fleiri að félagssvæði.

2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og meginmál laga nr. 29 14. maí 1958 inn í lög nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaптúnum, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um leigubifreiðar.